

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

### 163. FUNDUR

Árið 2009 fimmtudaginn 17. desember kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 163. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 09:30. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 628. fundar byggðarráðs 14. desember. Fundargerð í 8 liðum. Formaður kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan verksamning við Reynd að smíða ehf. um 1. áfanga í byggingu vaðlaugar á sundlaugarsvæði íþróttamiðstöðvar“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1. Lögð var fram svohljóðandi bókun: Ég undirritaður tel að í 4. grein verksamningsins þar sem ákvæði er um að verkinu skulu að fullu lokið 15. mars 2010 eigi jafnframt að vera ákvæði um dagsæktir (tafabætur) sé verkinu ekki lokið á réttum tíma. Í útboðsgögnum er ákvæði um dagsæktir, en mér finnst það ekki nægilega skýrt og eigi skýlaust að vera í 4. gr. samningsins. Sjá samþykkt frá 600. fundi Byggðarráðs þann 25. maí 2009 liður 8. Þar stendur: „Byggðarráð samþykkir frá og með 1. júní 2009 verði innheimtar tafabætur af verksamningum nema að ákvörðun sé tekin um annað í Byggðaráði.“ Ég greiði því atkvæði gegn samningnum. Oddur Sigurðarson. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 8. liðar: „Í tengslum við boðaða sameiningu ráðuneyta iðnaðar,- landbúnaðar,- og sjávarútvegs lýsir sveitarstjórn Húnaþings vestra áhyggjum yfir því að hagsmunir landbúnaðar og sjávarútvegs verði fyrir borð bornir. Við það alvarlega ástand sem nú ríkir í atvinnu- og efnahagsmálum er mikilvægt að styrkja stjórnsýslumhverfi þessara höfuðatvinnuvega þjóðarinnar.“ Borinn undir atkvæði 8. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum. Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun vegna 6. liðar fundargerðarinnar: „Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir fjárframlagi til slökkviliðs vegna búnaðarkaupa sem fullnægir ákvæðum nýrrar reglugerðar um hlífðarfatnað slökkviliðsmanna.“
2. Fjárhagsáætlun Húnaþings vestra árið 2010 fyrir sveitarsjóð og undirfyrirtæki. Síðari umræða. Skrifstofustjóri og sveitarstjóri lögðu fram og kynntu áætlunina og gerðu grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til frá fyrri umræðu. Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða fjárhagsáætlun ársins 2010 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi bókun frá meirihluta sveitarstjórnar í tengslum við afgreiðslu áætlunarinnar:

#### **Almennt um gerð fjárhagsáætlunar 2010.**

Á árinu 2009 var rekstrarumhverfi sveitarfélaga á Íslandi fremur óstöðugt og ólíkt því sem verið hafði árin þar á undan. Öðru fremur eru það áhrif hinnar alþjóðlegu efnahagskreppu sem

hefur haft gríðarlega slæm áhrif á rekstur sveitarfélaga. Varðandi árið 2010 má stjórnendum sveitarfélaga vera ljóst að rekstrarumhverfið mun áfram einkennast af nokkrum óstöðugleika. Þó gert sé ráð fyrir hjaðnandi verðbólgu mun samdráttur í tekjum hins opinbera verða umtalsverður. Sveitarfélög munu finna fyrir veikri stöðu krónunnar og atvinnuleysi verður áfram verulegt.

Í þessu umhverfi vann sveitarstjórn Húnaþings vestra að gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Líkt og við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2009 er enn mikil óvissa ríkjandi um nokkrar megin forsendur áætlunarinnar. Fulltrúar í meiri- og minnihluta sveitarstjórnar hafa unnið saman að gerð fjárhagsáætlunarinnar fyrir komandi rekstrarár ásamt sveitarstjóra og skrifstofustjóra. Við fjárhagsáætlunargerðina hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra lagt fram þá megin áherslu að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins en jafnframt að ráðast í nokkra fjárfestingu og viðhaldsframkvæmdir. Þó stakkurinn sé þröngt skorinn gerir áætlunin ráð fyrir hóflegum breytingum á þjónustugjaldskrá. Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur um langa hríð lagt áherslu á stuðning við íþróttta- og tólmundastarf barna og ungmenna. Sem fyrr verður þeim málaflokki veittur dyggur stuðningur t.d. með áframhaldandi útgáfu frístundakorta, styrkjum v/ aksturs úr dreifbýli í tengslum við skipulagt tólmundastarf, fjárfraumlögum til íþróttafélaga og hestamannafélags v/ æskulýðsstarfs, auk þess sem barnaæðlaug með leiktækjum verður byggð á sundlaugarsvæði íþróttamiðstöðvar. Er þetta nefnt hér sérstaklega þar sem Húnaþing vestra vill vera í fremstu röð sem fjölskylduvænt sveitarfélag.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill þakka forstöðumönnum stofnana sveitarfélagsins og starfsmönnum fyrir að hafa lagst á árar með sveitarstjórn um að gæta aðhalds og sparnaðar í því óvissuástandi sem nú ríkir í rekstrarumhverfi sveitarfélaga.

#### **Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Húnaþings vestra fyrir árið 2010 eru eftirfarandi:**

Álagningarprósenta útsvars verður óbreytt 13,28%.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2009 var farið varlega í áætlun útsvarstekna og virðast þær ætla að verða um 12-13 milljónum kr. meiri en áætlun gerir ráð fyrir. Við gerð áætlunar 2010 er gert ráð fyrir að útsvarstekjur lækki á milli ára.

Fraumlög frá Jöfnunarsjóði eru áætluð svipuð og úthlutun ársins 2009, þó er ekki áætlað sérstaklega fyrir aukaframlagi úr sjóðnum.

Gjaldskrár hækka almennt um 10%, mótuneyti í leik- og grunnskóla hækka þó um 15% og tónlistarskóli um 5%.

Gert er ráð fyrir framkvæmdum hjá eignasjóði fyrir 40,7 milljónum kr. sem fjármagnaðar verða að hluta með lántöku, kr. 15 milljónir kr.

Ekki var farið í að framreikna aðra liði eins og vörukaup, heldur farið yfir alla liði og reynt að hagræða eins og frekast er unnt.

Við útreikning lána er gert ráð fyrir 6% verðbólgu.

#### **Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar Húnaþings vestra fyrir árið 2010 eru eftirfarandi:**

Áætlunin er lögð fram með 106 þús. kr. tekjuafgangi Aðalsjóðs/reksturs, en 42,2 milljóna kr. halla á A-hluta samstæðunnar.

Fráveita, Hitaveita og Vatnsveita eru áætluð með rekstrarafgang, en önnur B-hluta fyrirtæki með rekstrarhalla.

Rekstarniðurstæða A og B samstæðu fyrir fjármagnsliði er neikvæð um 14,6 milljónir kr. en heildarniðurstæða samstæðunnar neikvæð um 86,5 milljónir kr.

Tekjur A-hluta eru áætlaðar 790,5 milljónir kr. og tekjur samstæðunnar 901 milljónir kr.

Gjöld samstæðunnar eru áætluð kr. 915,6 milljónir kr.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir 71,9 milljónir kr.

Handbært fé frá rekstri til greiðslu afborgana lána og til fjárfestinga er kr. 32,3 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir nýjum lántökum að upphæð kr. 21,5 milljón kr. og afborgunum lána að

fjárhæð 71,7 milljón kr.

Handbært fé í árslok er áætlað kr. 13,5 milljónir kr.

Lögð var fram svohljóðandi bókun: Þess ber jafnframt að geta að í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir handbæru fé í ársbyrjun 2010 að upphæð kr. 70.805. Áætlunin gerir jafnfram ráð fyrir að lækkun á handbæru fé á árinu 2010 verði 57.284.000. Áætlunin gerir ráð fyrir að handbært fé í árslok 2010 verði því kr. 13.521.000. Þetta gerist þrátt fyrir nýjar lántöku á árinu 2010 séu kr. 21.500.000. Oddur Sigurðarson og Stefán Böðvarsson. Lögð var fram svohljóðandi bókun frá meirihluta sveitarstjórnar: „Meirihluti vekur athygli á+ að langtímalán eru greidd niður um 50.249 millj. þrátt fyrir 21.500 millj.kr. lántöku.“

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 11:25.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),  
Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir(sign.),  
Oddur Sigurðarson(sign.),  
Stefán Böðvarsson(sign.),  
Guðrún Ragnarsdóttir(sign.).

Elín R. Líndal(sign.),  
Rakel Runólfsdóttir(sign.),  
P. Karl Eggertsson(sign.),  
Skúli Þórðarson(sign.),